



Selfossi 14. júní 2011  
KEi/GP/kei/

## Fundargerð fulltrúaráðs

\*\*\*\*\*

87. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn 14. júní 2011  
kl. 15.00 í slökkvistöð Hveragerðis.

### Mætt:

Eypórs Arnalds, Kjartan Lárusson, Gunnar Þorgeirsson, Stefán Helgason,  
Eggert Valur Guðmundsson, Ólafur F. Leifsson, Ólafur Örn Ólafsson, Pétur  
Pétursson, Kristján Einarsson, Unna B. Ögmundsdóttir einnig mættu fyrir hönd  
Hveragerðisbæjar Aldís Hafsteinsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir og gestir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### 1. Undirskrift samþykktar þar sem Slökkvilið Hvergerðinga gengur í raðir Brunavarna Árnessýslu

Fyrir fundinum lágu „Samþykktir“ Brunavarna Árnessýslu ásamt tækjalista  
Slökkviliðs Hveragerðis.

**„Samþykktir“ samþykktar með undirskrift fulltrúaráðs með fyrirvara  
um samþykki viðkomandi sveitarfélaga.**

Fyrirliggjandi samstarfs- og samvinnusamningar milli Slökkviliðs Hveragerðis og  
Brunavarna árnessýslu falla hér með úr gildi.

Eftir undirritun var boðið upp á veitingar síðan véku aðrir fulltrúar af fundi en  
rétt kjörnir og fundi var fram haldið.

### 2. Reikningur BÁ fyrir árið 2010:

Slökkviliðsstjóri og Einar Sveinbjörnsson frá KPMG fóru yfir reikninginn  
Helstu niðurstöðutölur:

#### Rekstrarreikningur:

Rekstrartekjur	109.692.819
Rekstrarkostnaður	104.448.886
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	3.774.435
Rekstrarniðurstaða tekjur umfram gjöld	1.469.498

**Efnahagsreikningur:**

Fastafjármunir	87.122.371
Veltufjármunir	75.222.548
Eignir samtals	162.344.919
Eigið fé	35.830.264
Lífeyrisskuldbindingar	31.434.199
Langtímaskuldir	73.870.250
Skammtímaskuldir	21.210.206
Skuldir og skuldbindingar samtals	126.514.655

**Yfirlit um sjóðstrevmi:**

Veltufé frá rekstri	15.899.102
Fjárfestingahreyfingar	( 3.450.910)
Fjármögnunarhreyfingar	( 7.736.651)
Hækkun á handbæru fé	3.667.620
Handbært fé í árslok	42.705.567

**Reikningur samþykktur samhljóða.****3. Önnur mál:**

- a. Rætt um nýjar samþykktir sem undirritaðar voru fyrr um daginn.
- b. Óskað er eftir að fundarboð stjórnar verði framvegis sent á alla fulltrúa í fulltrúaráði. Samþykkt.
- c. Farið var yfir málefni nýju Björgunarmiðstöðvarinnar stefnt er að flutt verði inn í lok þessa mánaðar. Einnig leiguverð útstöðvanna upplýst var að búið er að ræða við eigendur húsnæðis í útstöðvum og ganga frá leiguverði sem er 650 kr.
- d. Rætt um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og þann grunn sem lagt er upp með 70 / 30 skiptingu samþykkt að slökkvistjóri sendi á fulltráráðsmenn skilgreiningu PWC og KPMG sem lagðar voru til grundvallar að þessari skiptingu.
- e. Fram kom nauðsyn þess að gefin væri út ársskýrsla þar sem tekin væri saman helstu staðreyndir í starfi B.Á. Samþykkt að leggja fram skýrslu eftir þetta starfsár.
- f. Fjárhagsáætlun vegna 2011 er nausynlegt að endurskoða á grundvelli sameiningar samþykkt að vinna hana eins fljótt og auðið er og senda á alla í fulltrúaráðinu.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 17.00**

**Gunnar Þorgeirsson, Stefán Helgason, Eyþórs Arnalds, Eggert Valur Guðmundsson, Ólafur F. Leifsson, Kjartan Lárusson, Ólafur Örn Ólafsson, Pétur Pétursson, Unna B. Ögmundsdóttir, Einar Sveinbjörnsson, Kristján Einarsson**